

Ítrekuð eftirfylgni: Löggjöf um verkefni Umhverfisstofnunar

Úttekt á Umhverfisstofnun árið 2006

Umhverfisstofnun heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Hún hóf starfsemi í ársbyrjun 2003 með sameiningu Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, hreindýraráðs og embættis veiðimálastjóra. Árið 2006 gaf Ríkisendurskoðun út skýrsluna [Umhverfisstofnun – stjórn-sýsluúttekt](#). Meðal þess sem þar kom fram var að markmið með sameiningunni hefðu ekki náðst nægilega vel, þ.e. að styrkja stjórn-sýslu á sviði umhverfismála, ná faglegum ávinningi, stuðla að hagkvæmni í rekstri og auðvelda stjórnvöldum að framfylgja stefnu sinni.

Að mati Ríkisendurskoðunar vó þungt í þessu efni að lög nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun tilgreindu ekki hlutverk hennar og verkefni með heildstæðum hætti heldur var þar vísað til á þriðja tug laga sem giltu um verkefni hennar. Auk þess bar stofnuninni að starfa í samræmi við allt að fjögur hundruð reglugerðir. Þá hafði lögum sem giltu um fyrirrennara hennar aðeins verið breytt að því marki sem nauðsynlegt var vegna sameiningarinnar.

Eftirfylgniúttektir árin 2010 og 2011

Í samræmi við staðal Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) um stjórn-sýsluendurskoðun (ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun hverri úttekt sinni eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum hennar. Í því sambandi leggur stofnunin megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi. Slík eftirfylgni fer alla jafna fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslu.

Ríkisendurskoðun fylgdi skýrslunni frá 2006 eftir árið 2010 og voru niðurstöður birtar í skýrslunni [Eftirfylgni úttekta ársins 2006](#). Þar kom fram að ekki höfðu verið gerðar neinar breytingar á löggjöf stofnunarinnar frá árinu 2006. Ríkisendurskoðun kannaði stöðu mála á ný árið 2011 og gaf í kjölfarið út skýrsluna [Ábending frá Ríkisendurskoðun: Ítrekun – Endurskoðaða þarf löggjöf um verkefni Umhverfisstofnunar](#). Þar var umhverfisráðuneyti (nú umhverfis- og auðlindaráðuneyti) enn á ný hvatt til að stuðla að endurskoðun laga um Umhverfisstofnun.

Aðspurt árið 2011 tók umhverfisráðuneyti undir að endurskoða þyrfti gildandi lög um Umhverfisstofnun og meta hvort setja ætti sérstök lög um stofnunina og þau verkefni sem hún sinnir. Fram kom að ráðuneytið hefði unnið að endurskoðun laga til að skýra stjórn-sýslu nokkurra mála-flokka sem væru á forræði eða tengdust verkefnum Umhverfisstofnunar. Ríkisendurskoðun hvatti ráðuneytið til að hraða þeirri vinnu og ítrekaði mikilvægi þess að löggjöf um verkefni Umhverfisstofnunar yrði endurskoðuð með einföldun að markmiði, auk þess sem meta þyrfti hvort setja ætti ein heildarlög um stofnunina.

Eftirfylgni árið 2014

Árið 2014 leitaði Ríkisendurskoðun upplýsinga hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti um hvort og þá hvernig það hefði brugðist við ábendingu stofnunarinnar frá árinu 2011. Í svari ráðuneytisins, dagsettu 30. janúar 2014, kom fram að það taki undir með Ríkisendurskoðun að mikilvægt sé að löggjöf um verkefni Umhverfisstofnunar verði endurskoðuð með það að markmiði að einfalda hana og að sett verði heildarlöggjöf um stofnunina þar sem kveðið verði á um hlutverk hennar með skýrari hætti en nú er. Enn fremur kom fram að ráðuneytið hefði tekið málið upp við Umhverfisstofnun á samráðsfundi þeirra í október 2012 þar sem stefnumótun stofnunarinnar fyrir tímabilið 2013–17 var kynnt. Í bréfi ráðuneytisins frá 22. nóvember 2012 óskaði það síðan eftir því að stofnunin drægi saman þau atriði sem hún teldi mikilvægt að kæmu fram í löggjöf um hana.

Ráðuneytið fékk svar frá Umhverfisstofnun með bréfi dagsettu 28. nóvember 2013. Þar kom m.a. fram að Umhverfisstofnun teldi að ný löggjöf þyrfti að kveða á um þá málaflokka sem stofnuninni ber að sinna, sem og ábyrgðarsvið hennar með vísan í viðeigandi löggjöf. Þá þyrfti löggjöfin að kveða á um þær heimildir sem stofnunin hefði yfir að ráða, s.s. til gjaldtöku, framsals eftirlits og framsals þjónustu á friðlýstum svæðum, kæruheimildir og upplýsinga- og þagnarskyldu stofnunarinnar. Umhverfisstofnun lagði einnig til að sett yrði á fót ráðgefandi nefnd sem yrði vettvangur samráðs og upplýsingaskipta á fagsviðum hennar við samstarfs- og hagsmunaaðila og hefði m.a. það

hlutverk að benda á umbótataækifæri í starfsemi stofnunarinnar.

Í svari umhverfis- og auðlindaráðuneytis til Ríkisendurskoðunar frá 30. janúar 2014 kom fram að það hygðist skipa starfshóp í febrúar 2014 til að vinna frumvarp til laga um Umhverfisstofnun sem stjórnáslustofnun umhverfismála. Starfsfólk ráðuneytisins og Umhverfisstofnunar myndi eiga sæti í hópnum og umhverfisráðherra stefndi að því að leggja frumvarpið fram á Alþingi haustið 2014. Í lok febrúar 2014 staðfesti ráðuneytið við Ríkisendurskoðun að starfshópurinn hefði verið stofnaður.

Í svari umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 30. janúar 2014 kom enn fremur fram að vorið 2011 hafi farið fram heildarendurskoðun á efnalöggjöf á Íslandi. Lög um eiturfefni og hættuleg efni og lög um efni og efnablöndur hafi einnig verið sameinuð og samræmd evrópskri efnalöggjöf. Með nýjum efnalögum nr. 61/2013 hafi leyfisveitingar m.a. verið einfaldaðar og gerðar markvissari. Þá sé almennt eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða sem byggja á þeim nú alfarið í höndum Umhverfisstofnunar. Efnæftirlit á Íslandi ætti því að vera skilvirkara en áður.

Þá sé ráðgert að hefja vinnu við endurskoðun laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisráðherra hafi skipað starfshóp í maí 2012 sem sé m.a. að kanna mögulegar útfærslur á framkvæmd við leyfisveitingar og eftirlit á þessu sviði. Búist sé við að hópurinn skili niðurstöðum sínum vorið 2014. Ríkisendurskoðun hvetur umhverfis- og auðlindaráðuneyti til að fylgja þessari vinnu vel eftir.

Niðurstaða

Þar sem umhverfis- og auðlindaráðuneyti vinnur nú að því að framkvæma ábendingu Ríkisendurskoðunar frá árunum 2006, 2010 og 2011 ítrekar stofnunin hana ekki að svo stöddu. Ríkisendurskoðun hvetur ráðuneytið þó til að tryggja að starfshópurinn sem var skipaður í febrúar 2014 vinni markvisst að frumvarpi til nýrra laga um Umhverfisstofnun til að umhverfisráðherra geti lagt það fram á Alþingi haustið 2014.

Drög að þessari skýrslu voru send umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Umhverfisstofnun til umsagnar. Engar athugasemdir bárust.